



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

MYNL3ML05

Kennsluáætlun í áfanganum Myndlist

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með ýmis konar myndefni og færa það upp í mismunandi stílbrigði í anda nálgunar fyrir og eftir aldamótin 1900. Myndflöturinn er vettvangurinn og hann sýnir hvernig hin ýmsu mótíf taka breytingum eftir stíl.

Unnið er með myndefni eins og t.d. uppstillingar, landslag, fólk og fantasíur. Þetta er fært í mismunandi stíla eins og t.d. raunsæi, kúbisma, impressionisma, expressionisma og súrrealisma með hjálp listasögunnar og notaðar margvíslegar aðferðir eins og blýantur, vatnslitir, þurrpastellitir, akrýllitir, blek, kol og blönduð tækni.

Undanfarar: MYNL1LM05 og MYNL2TK05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hvernig myndefni taka breytingum eftir stílbrigðum.
- nokkrum mismunandi stílum
- þeim möguleikum sem mismunandi aðferðir bjóða upp á.
- nokkrum listastefnum frá 1870 og fram yfir 1920.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- tileinka sér og vinna með sama myndefni út frá ákveðnum stílbrigðum.
- greina og vinna með ólíka stíla.
- nýta sér nokkrar ólíkar aðferðir og efni til myndsköpunar.
- greina mismunandi myndbyggingu og sjá hver áhrif hún hefur.
- færa rök fyrir myndverki sínu og lýsa með orðum þeim áhrifum sem þar má finna.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sína eigin mynd út frá mismunandi stílum og myndefni.
- beita ýmsum aðferðum við myndsköpun.
- nota ólík efni við myndsköpun.
- ná fram mismunandi áhrifum í verki sínu með ýmis konar myndbyggingu og litum.
- færa í orð og nota haldbær rök þegar myndlist er rædd.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlagnir, glæsur, internetið, myndbönd, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-7	16. jan. – 11. feb.	Raunsæ kyrralífsmynd	Verkefni 1
7-10	13. feb. - 4. mars	Kúbísk kyrralífsmynd	Verkefni 2
10-14	6. mars – 1. apríl	Portrett andlitsmynd	Verkefni 3
14-20	3. apríl – 15. maí	Fantasía; draumkennt ævintýramynd	Verkefni 4
		Sýning, undirbúningur (auglýsing og merking á myndir)	Verkefni 5

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni:

1. Raunsæ kyrralífsmynd (25%)	Innlögn 16. jan.	Skil 11. feb.
2. Kúbísk kyrralífsmynd (19%)	Innlögn 13. feb.	Skil 4. mars.
3. Portrett andlitsmynd (24%)	Innlögn 6. mars	Skil 1. apríl
4. Fantasía (28%)	Innlögn 3. apríl	Skil 15. maí
5. Sýning (4%)	Innlögn 22. apríl	Skil 5. maí

Sérreglur myndlistar:

- SKIL OG SKILAFRESTUR:**
 - Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar og greinargerðum með þeim og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.
 - Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.
- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar sé sú sem þeir eiga fyrir orðin full. Þar geyma þeir skissur og verkefni. Mikilvægt að halda vel utan um allt og taka möppur oftast með sér heim enda heimavinna nauðsynleg í flestum tilfellum til að standast áætlun.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila **vandaðri** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu í skilahólf ásamt greinargerð.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það eftir umsögn og einkunn frá kennara.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Raunsæ kyrralífsmynd	Sjálfstæði og tileinkun, að nýta sér fyrri lærdóm úr MYNL2TK05. Skissuferli. Andstæður til að styðja við myndefni, myndbygging, bakgrunnur, efnistöð og heild. Greinargerð. Vinnusemi, virkni og skil.	25%
Kúbísk kyrralífsmynd	Sjálfstæði og tileinkun, að nýta sér fyrri sem og nýjan lærdóm, tilraunir í nálgun, frumleiki í blandaðri tækni, andstæður, myndbygging, efnistöð og heild. Greinargerð. Vinnusemi, virkni og skil.	19%
Portrett andlitsmynd	Sjálfstæði og tileinkun, að nýta sér fyrri sem og nýjan lærdóm, skissuferli og tilraunir, frumleiki, andstæður, merking eða boðskapur myndefnis, stíll, myndbygging, efnistöð og heild. Greinargerð. Vinnusemi, virkni og skil.	24%
Fantasia: draumkennd ævintýramynd	Sjálfstæði og tileinkun, að nýta sér fyrri sem og nýjan lærdóm, frumleiki, nálgun, andstæður, merking eða boðskapur myndefnis, stíll, myndbygging, fjarvídd, verur, efnistöð og heild. Greinargerð. Vinnusemi, virkni og skil.	28%
Sýning	Framsetning auglýsingar í máli og myndum, merkingar sýningarverka.	4%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 14. janúar 2025